

Ár 1980, þriðjudaginn 5. febrúar, var í málinu nr. 7/1980 kveðinn upp af Yfirfasteignamatnefnd svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

Málavextir eru þeir, að með bréfi frá 11. janúar s.l. óskaði bæjarstjóri Sauðárkrókskaupstaðar eftir því fyrir hönd kaupstaðarins, að nefndin úrskurðaði um skyldu Loðfelds h/f til að svara fasteignaskatti af húseignum og lóð fyrirtækisins á Sauðárkróki. Um er að ræða 3290 m² lóð og mannvirki, sem nýtt eru í þarfir minkabús, sem það á og rekur.


Sjónarmið Sauðárkrókskaupstaðar er það, að skattleggja beri umrædda fasteign samkv. ákvæðum b-liðs 3. gr. laga nr. 8/1972 um tekjustofna sveitarfélaga, a-liður 3. gr. sömu laga skilji á mill erfðafestulanda og jarðeigna annars vegar og útihúsa og mannvirkja á bújörðum hins vegar. Hið fyrra sé almennt en hið síðara eigi eingöngu við bújarðir (lögbýli).

Loðfeldur h/f telur á hinn bóginn að skattleggja beri nefnda fasteign samkvæmt a-lið 3. gr. laga nr. 8/1972, eins og nánar er rökstutt í bréfi fyrirtækisins frá 22. janúar s.l.


Loðdýraeldi verður að telja til landbúnaðar í skilningi a-liðs 3. gr. laga nr. 8/1972 um tekjustofna sveitarfélaga, sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 320/1972 um fasteignaskatt. Fasteign þá, sem málið snýst um, verður að leggja að jöfnu við þær eignir, sem berum orðum skal skattleggja samkvæmt a-lið 3. gr. laga nr. 8/1972. Á því að skattleggja hana með sama hætti.

Ú R S K U R ð A R O R ð :

Ofangreind fasteign Loðfelds h/f á Sauðárkróki ber að skattleggja samkvæmt a-lið 3. gr. laga nr. 8/1972 um tekjustofna sveitarfélaga.



Gaukur Jörundsson.



Pétur Stefánsson.

Torfi Ásgeirsson.